

Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028

Viðbrögð Landsnets við umsögnum og
athugasemdum við verkefnis- og matslýsingu

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Fjöldi athugasemda og umsagna	1
1.2	Flokkun athugasemda	1
2	Athugasemdir og viðbrögð Landsnets	2
2.1	Náttúrufar, auðlindir og samfélag	2
2.2	Samræmi við stefnu stjórnvalda, lög og áætlanir	3
2.3	Sviðsmyndir og mælikvarðar	5
2.4	Flutningskerfið og jarðstrengir	5
2.5	Suðurnesjalína 2	6

1 Inngangur

Auglýstur kynningartími verkefnis- og matslýsingu vegna kerfisáætlunar 2019-2028 var 19. nóvember til 19. desember 2018. Alls bárust erindi frá 10 aðilum og í þessu skjali er gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem komu fram og viðbrögðum Landsnets við þeim.

Athugasemdir hafa, eftir fremsta megni, verið flokkaðar eftir viðfangsefnum. Efnistösk athugasemda eru víða sambærileg og því er unnt að draga eða flokka þær saman eftir viðfangsefnum og gera grein fyrir helstu viðbrögðum Landsnets við þeim.

Allar athugasemdir og umsagnir er að finna í viðauka.

1.1 Fjöldi athugasemda og umsagna

Alls bárust erindi frá 10 aðilum og er yfirlit yfir erindi sem send voru inn í töflu 1.1. Í eftirfarandi köflum er vísað í númer þeirra aðila sem gerðu viðkomandi viðfangsefni að umtalsefni.

Tafla 1.1 Yfirlit yfir aðila sem sendu inn umsagnir/athugasemdir

1	Landgræðsla ríkisins	6	Hvalfjarðarsveit
2	Skipulagsstofnun	7	Samgöngustofa
3	Samband íslenskra sveitarfélaga	8	Minjastofnun Íslands
4	Landeigendur í Vogum	9	Vegagerðin
5	Fjallabyggð*	10	Vestfjarðarstofa

* Fjallabyggð gerir engar athugasemdir við verkefnis- og matslýsingu

1.2 Flokkun athugasemda

Athugasemdir snéru í einhverjum tilvikum að sömu viðfangsefnum og því hefur Landsnet flokkað þær eftir viðfangsefnum, sem eru eftirfarandi:

1. Náttúrufar, auðlindir og samfélag
2. Samræmi við stefnu stjórnvalda, lög og áætlanir
3. Sviðsmyndir og mælikvarðar
4. Flutningskerfið og jarðstrengir
5. Suðurnesjalína 2

Í köflunum hér á eftir er gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust. Framsetning þeirra er þannig að viðkomandi athugasemd er birt, hún skyggð og merkt þeim sem hún tilheyrir, sjá eftirfarandi dæmi:

Í kafla 6.4 um samfélag er lagt til að bæta við "tækifæri til atvinnu" verði skeytt inn í upptalningu þeirra þátta sem fjallað verður um þegar áhrif eru metin á samfélag. [3]

Ef fleiri sambærilegar athugasemdir bárust eru númer þeirra birt t.d. [2], [3] og [7]. Með þessari framsetningu er áherslan lögð á viðbrögðin en einnig að auðvelda þeim sem sendu inn athugasemdir að finna viðbrögð við þeim.

Í einhverjum tilvikum hafa athugasemdirnar verið umorðaðar til að draga saman helstu atriðin. Hægt er að sjá allar athugasemdir og umsagnir í heild sinni í viðauka.

2 Athugasemdir og viðbrögð Landsnets

2.1 Náttúrufar, auðlindir og samfélag

Í upptalningu á matsþáttum vantar að fjalla sérstaklega um jarðveg og rask á honum. Jarðvegur og uppbygging hans er ein megin forsenda margra vistkerfa auk þess að rask á jarðvegi hefur áhrif á umsetningu gróðurhúsalofttegunda. Við beinar framkvæmdir s.s. línulagnir og möstur verður rask á jarðvegi, og eftir atvikum gróðri, sem getur t.d. haft í för með sér jarðvegsrof og losun á kolefni í andrúmsloft. [1]

Viðbrögð: Landsnet mun ræða við Landgræðslu ríkisins til að skoða möguleika þess að fjalla um jarðveg á mögulegum áhrifasvæðum kerfisáætlunar. Ekki er talið líklegt að umfjöllun um þennan áhrifaþátt náist inn í kerfisáætlun 2019-2028, en það fer þó eftir fyrirbyggjandi gögnum.

Þá leggur Landgræðslan ríka áherslu á vernd jarðvegs og gróðurs og bendir á að vistkerfi á hálendi landsins eru viðkvæm fyrir raski og erfiðara getur verið að framkvæma mótvægisáðgerðir á hálendinu t.d. vegna veðurfars og styttri vaxtartíma gróðurs en á láglandi. [1]

Viðbrögð: Landsnet þakkar ábendinguna og mun taka tillit til hennar við umfjöllun um möguleg áhrif á gróður og jarðveg á hálendinu og við umfjöllun um mótvægisáðgerðir og virkni þeirra.

Í matslýsingu kerfisáætlunar 2018-2027 er matsspurning þess efnis hvort að flutningskerfi breyti einkennum landslags en þeirri spurningu er sleppt í framlagðri matslýsingu. Skipulagsstofnun telur að slík spurning eigi fullan rétt á sér í mati á áhrifum á landslag. [2]

Viðbrögð: Athugasemdir voru gerðar við umrædda matsspurningu í umhverfismati kerfisáætlunar 2018-2027. Tilgangurinn með matsspurningunni var m.a. að draga fram upplýsingar hvort flutningskerfið fylgdi mannvirkjabeltum eða það færi um óbyggt land. Því var spurningunni breytt til að ná betur tilgangi hennar. Í umfjöllun um matsspurninguna um mannvirkjabelti og óbyggt land mun Landsnet gera grein fyrir því hvort valkostir hafi áhrif á einkenni landslags, þar sem slíkt er mögulegt.

Skipulagsstofnun ítrekar eftirfarandi athugasemdir sem stofnunin gerði við síðustu matslýsingu: Í kafla 6.4 kemur fram að tilgangur umfjöllunar um landslag og ásýnd sé að meta hvort flutningskerfi fari um svæði sem njóta ákveðinnar sérstöðu í landslagi og upplifun, og hvort unnt sé eða þörf á að bregðast við því með aðgerðum. Skipulagsstofnun undirstrikar að í umhverfismatinu komi skýrt fram hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar mati á sérstöðu svæða hvað varðar landslag og upplifun. [2]

Viðbrögð: Landsnet mun halda áfram að skerpa á umfjöllun um áhrif áætlunarinnar á landslag. Nálgun í umhverfismatinu hefur verið að draga fram þá sérstöðu sem landslag hefur á mögulegum línuleiðum sem eru til skoðunar. Umfjöllun tekur m.a. til þess hvort framkvæmdir fari inn á hálendi, verndarsvæði vegna landslags, óbyggð víðerni, og fyrirbyggjandi skoðanakannanir um mannvirki á slíkum svæðum.

Varðandi línulögn á láglandi er minnt á að mikil náttúrufegurð er á svæðinu [Hvalfjarðarsveit], með tilheyrandi aðsókn ferðamanna og sumarhúsabyggða. Loftlínu á slíkum svæðum eru almennt fallnar til að rýra sjónræn áhrif náttúrufegurðar og þar með upplifun heimamanna jafnt sem ferðafólks á náttúrunni. [6]

Viðbrögð: Landsnet mun horfa til áherslna Hvalfjarðarsveitar í umfjöllun um áhrif styrkingar flutningskerfisins á landslag og ásýnd.

Skipulagsstofnun bendir á varðandi viðmið í töflu 6.2 um jarðminjar að á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna gögn um verndargildi jarðmyndana/jarðminja. Jafnframt mælir stofnunin með því að bætt sé við matsspurningu um hve mikið óraskað land fer undir flutningskerfið. [2]

Viðbrögð: Landsnet mun styðjast við gögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um verndargildi jarðminja. Hafa ber í huga að hluti af tillögum stofnunarinnar og umfjöllun um verndargildi jarðminja er á nokkuð nákvæmum skala og því þarf að skoða hvort og hvernig megi nýta umrædd gögn í umhverfismati kerfisáætlunar.

Hvað varðar áhrif á óraskað land þá liggja ekki fyrir upplýsingar um grunnástand raskaðs/óraskaðs lands á þessu stigi, þ.e. áætlunar sem tekur til alls landsins. Því er ekki hægt að koma þeirri matsspurningu við.

Á miklum meirihluta þeirra svæða sem kerfisáætlunin nær til hafa fornleifar ekki verið skráðar og því ríkir óvissa um áhrif framkvæmda á þessum svæðum á menningarminjar. [8]

Viðbrögð: Landsnet tekur undir umsögn Minjastofnunar og er hún í samræmi við niðurstöður umhverfismats fyrri kerfisáætlana.

Þar sem liggja fyrir upplýsingar um fornleifar er hægt að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar. Í einhverjum tilfellum á eftir að afla upplýsinga um fornleifar á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum og því óljóst um áhrif framkvæmdanna á fornleifar á þessu stigi. [8]

Viðbrögð: Landsnet mun byggja umhverfismat og valkostagreiningu í framkvæmdaáætlun á fyrirliggjandi gögnum, þ.m.t. upplýsingar um fornleifar.

Í kafla 6.4 um samfélag er lagt til að bæta við "tækifæri til atvinnu" verði skeytt inn í upptalningu þeirra þátta sem fjallað verður um þegar áhrif eru metin á samfélag. [3]

Viðbrögð: Landsnet tekur undir ábendingu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í umfjöllun sinni um samfélag hefur verið litið til tækifæra til atvinnu, m.a. með því að horfa til byggðaáætlunar, ferðamálaáætlunar og skipulagsáætlana sveitarfélaga.

Fyrir umhverfispáttinn samfélag er tilefni til að bæta inn í viðmið, tilvísun til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024, enda geymir byggðaáætlunin ýmsar áherslur sem tengjast raforkukerfinu sem hefur það markmið að stuðla að jöfnum tækifærum allra landsmanna. [3]

Viðbrögð: Landsnet mun bæta byggðaáætlun 2018-2024 við í gögnum og viðmiðum sem litið verður til í umfjöllun um áhrif kerfisáætlunar á samfélag.

2.2

Samræmi við stefnu stjórnvalda, lög og áætlanir

Skipulagsstofnun telur að í kerfisáætlun þurfi að fjalla ítarlega um efni þessarar þingsályktunar og hvernig sú stefna sem þar birtist verði höfð að leiðarljósi við gerð

áætlunarinnar. Í stefnunni kemur m.a. fram að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið. Engu að síður er í matslýsingu víða minnst á flutningskerfi og miðhálendið eins og gert var í matslýsingu Kerfisáætlunar 2018-2027 m.a. í kafla 6.4 þar sem fram kemur að gerð verði grein fyrir því hvort flutningskerfi fari um óbyggt víðerni miðhálendis, í töflu 6.2 auk kafla um jarðstrengi á bls. 7. Skipulagsstofnun telur að gera þurfi grein fyrir í kerfisáætlun hvernig það samrýmist stefnu stjórnvalda að gera ráð fyrir að flutningskerfi fari um hálendið ef það er raunin. [2]

Viðbrögð: Í kerfisáætlun verður fjallað ítarlega um forsendur sem kerfisáætlun byggir á, sem er m.a. stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins. Sú umfjöllun verður m.a. á þann hátt að gerð er grein fyrir því hvernig valkostir um styrkingu flutningskerfisins falla að þessari stefnu.

Líkt og kemur fram í fyrri viðbrögðum Landsnets við athugasemdum Skipulagsstofnunar vegna Kerfisáætlunar 2018-2027 telur Landsnet að ákveðin óvissa sé til staðar um hvernig stefnan og metnir valkostir í kerfisáætlun fara saman þar sem hugtakið „hálendi“ er frekar almennt og það sama eigi við um „línulagnir“. Því er mikilvægt að áður en frekar er unnið að ákvörðunum um val á milli valkosta A og B hafi þessi óvissa hvað varðar framangreinda þætti verið leyst þar sem um er að ræða mikilvæga forsendu í vinnu við komandi kerfisáætlanir þar sem frekar verður unnið í átt að því greina á milli valkosta A og B.

Landsnet bendir á að í samþykki Orkustofnunar á Kerfisáætlun 2018-2027 er fjallað um stefnu stjórnvalda og vísað til þess sem þar segir „Skoða skal að hve miklu leyti megi nýta jarðstrengi með hagkvæmum hætti við uppbygginguna.“ og „Ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið“. Orkustofnun bendir á að ef Landsnet hyggst leggja fram slíkan valkost sem aðalvalkost verði að vera skýrt að hann samrýmist stefnu stjórnvalda, en ekki sé augljóst að slíkur valkostur samrýmist stefnunni. Orkustofnun telur að þar sem að ekki hafi verið gert ráð fyrir slíkum aðalvalkosti í framkvæmdaáætluninni séu framlagðir valkostir ekki í ósamræmi við stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Að áliti sambandsins er tilefni til þess að í inngangi verkefnislýsingar sé vísað til þingályktunartillagna um lagningu raflína og uppbyggingu flutningskerfis raforku með samsvarandi hætti og gert er með lagatílvísanir. [3]

Viðbrögð: Landsnet tekur undir ábendingu og mun í næstu verkefnislýsingu tryggja að upplýsingar um stefnu stjórnvalda komi fram í inngangi, enda eru þær mikilvægur grunnur fyrir gerð og efnistöð kerfisáætlunar.

Samgöngustofa leggur áherslu á að farið sé að reglugerð um flugvelli nr. 464/2007, eftir því sem við á. [7]

Viðbrögð: Landsnet mun í kerfisáætlun gera grein fyrir reglugerð um flugvelli eftir því sem við á.

Í lögum nr. 60/1998 um loftferðir eru ákvæði um svæði sem flugöryggis vegna, eiga að vera laus við hindranir þ.m.t. mannvirki og búnað. Vegna hugsanlegrar áhættu á truflunum á flugleiðsögubúnaði vegna raflína hefur Samgöngustofa áður farið fram á að áhættumat sé framkvæmd þar sem lagt var mat á hver áhættan væri á slíkum truflunum. [7]

Viðbrögð: Þar sem það á við í umfjöllun um framkvæmdaáætlun, þ.e. þriggja ára áætlun um framkvæmdir, verður vísað til laga um loftferðir og reglugerðar um flugvelli.

Ábending varðar að kerfisáætlun 2019-2028 taki mið af sóknaráætlunum landshluta. [10]

Viðbrögð: Landsnet mun taka mið af sóknaráætlunum landshluta við mótun kerfisáætlunar og umhverfismati hennar.

Bent er á að veghelgunarsvæði er 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. [9]

Viðbrögð: Landsnet mun í framkvæmdaáætlun gera grein fyrir því hvar þurfi leyfi Vegagerðarinnar fyrir einstökum framkvæmdum.

2.3

Sviðsmyndir og mælikvarðar

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að hún hefur ítrekað í umsögnum til Landsnets við vinnslu kerfisáætlana undanfarin misseri bent á að í sviðsmyndagreiningu við gerð kerfisáætlunar sé ástæða til að gera ráð fyrir sviðsmynd sem felst í aukinni orkunýtni og orkusparnaði. Slíkt væri í samræmi við umræðu í öðrum Evrópulöndum og á alþjóðavettvangi og jafnframt í samtæmi við áherslu á jafnvægi milli orkunýtingar og náttúruverndar. Áhugavert væri einnig að stilla upp slíkri sviðsmynd með orkuskiptum og þá jafnframt að tekið sé tillit til breyttra ferðamáta og minni ferðaparfar með áherslu á þetta og blandaða byggð. [2]

Viðbrögð: Raforkuhópur orkusparnefndar leggur fram og vinnur þær sviðsmyndir sem lagðar eru til grundvallar við mótun kerfisáætlunar. Landsnet hefur komið ábendingum um sviðsmyndagreiningu til nefndarinnar. Landsnet telur rétt að benda á að í sviðsmyndinni Græn framtíð, er gert ráð fyrir hraðari orkuskiptum og orkusparnaði.

Í kafla 5 kemur fram að Landsnet muni taka til skoðunar hvort og hvernig flutningur um snið í flutningskerfinu geti verið einn af mælikvörðum kerfisáætlunar. Skipulagsstofnun telur að skýra þurfi nánar hvað sé átt við. [2]

Viðbrögð: Í kerfisáætlun verður farið yfir alla mælikvarða sem notaðir hafa verið í nýsamþykktari áætlun 2018-2027, m.a. í samræmi við þær ábendingar sem Orkustofnun hefur lagt fram í afgreiðslu sinni. Hluti af því verður að meta hvort að snið í flutningskerfinu geti verið mælikvarði og um leið útskýrt hvert sé inntak mælikvarða.

2.4

Flutningskerfið og jarðstrengir

Sveitarstjórnir, landshlutasamtök sveitarfélaga, sambandið og Landsnet virðast almennt vera fremur sammála um að núverandi staða flutningskerfisins sé mikið áhyggjuefni. Það er því álit sambandsins að afstaða framkvæmdaraðilans þurfi að vera mun skýrari gagnvart stefnu stjórnvalda þegar straumleysi og öryggi í flutningskerfinu hamlar atvinnuuppbyggingu og dregur úr samkeppnishæfni landshluta. [3]

Viðbrögð: Landsnet telur að nýlega samþykkt þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins komi betur til móts við þessi sjónarmið. Þar er m.a. talað um að tengja skuli betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi um land allt, auk þess sem þrjú landsvæði eru nefnd sem forgangsvæði þegar kemur að uppbyggingu, þ.e. Eyjafjarðarsvæðið, Vestfirðir og Suðurnes.

Fyrning eldri lína þ.e.a.s. um aflögðum úreltum loftlínunum að þær séu allar fjarlægðar og frágangur verði þannig að ekki sé lyti á landinu. Það sama gildir um lagningu í jörðu og sjó. [6]

Viðbrögð: Landsnet mun gera grein fyrir þeim möguleikum sem myndast þegar flutningskerfið hefur verið styrkt. Hluti er endurnýjun byggðalínunnar. Í umhverfisskýrslu verður fjallað um þá þætti sem þarf að huga að, þ.m.t. frágangur.

Í matslýsingu kerfisáætlunar 2018-2027 var fjallað um valkosti í svæðisbundnu kerfunum en ekki er að finna slíka umfjöllun í framlagðri matslýsingu og ekki að finna skýringar við þessar breytingar og í kafla 6.1 er ekki minnst á að matsvinnan og umhverfisskýrslan muni fjalla um þau kerfi. Þó kemur fram í kafla 2.3 að í kerfisáætlun 2019-2028 verði umfjöllun um svæðisbundnu kerfin aukin frá því sem var í kerfisáætlun 2018-2027. [2]

Viðbrögð: Umfjöllun um svæðisbundin kerfi í kerfisáætlun er ekki lögboðin skv. raforkulögum og reglugerð um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku. Landsnet mun engu síður fjalla almennt um svæðisbundin kerfi í upplýsandi tilgangi fyrir hagaðila. Þar af leiðandi verður ekki farið í umfjöllun um valkostagreiningu eða ítarlega greiningu á þessum kerfum að svo stöddu.

Í kafla um jarðstrengi á bls. 7 kemur fram að lagt verði mat á hámarks lengd jarðstrengja með tilliti til raftæknilegra þátta sem unnt að leggja á milli tveggja tengipunkta og byggir á greiningu Landsnets. Það sé mikilvægt að hafa í huga að þó lagt hafi verið mat á hámarks lengd í hverri línuleið fyrir sig er ekki þar með sagt að hægt sé að nýta þær hámarks lengdir í öllum línunum. Lengd jarðstrengshlutanna þurfi að skoða í kerfislegu samhengi, meðal annars með öðrum loftlínunum og jarðstrengjum. Í matsáætlun Hólasandslínu 3 kemur fram að með tilkomu nýrra 220 kV flutningslína á Norðurlandi opnast möguleikar á því að leggja hluta núverandi 132 kV lína, þ.m.t. Kröflulínu 1, að hluta í jörð. Umfang mögulegra jarðstrengslagna í hverri línu fyrir sig ræðst að verulegu leyti af innbyrðis samspili línanna, þ.e. jarðstrengur í einni línu dregur úr mögulegri lengd jarðstrengs í annarri línu. Lagning jarðstrengs í 132 kV flutningskerfið takmarkar þannig lengd jarðstrengs í 220 kV kerfinu og öfugt. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að þessar upplýsingar rati inn í kerfisáætlun þar sem upplýsingar um að lagning jarðstrengs í flutningskerfi með 132 Kv spennu takmarki lengd jarðstrengs í 220 Kv kerfinu hafa ekki komið fram fyrr svo að stofnuninni sé kunnugt. [2]

Viðbrögð: Í kerfisáætlun 2018-2027 er komið lauslega inn á möguleika til strenglagningar 132 kV kerfis, samhliða uppbyggingu nýs 220 kV kerfis. Þetta er þó enn til skoðunar og verður umfjöllun um þetta atriði í kerfisáætlun uppfærð eftir því sem nánari upplýsingar liggja fyrir.

2.5

Suðurnesjalína 2

Skorað á Landsnet að taka Suðurnesjalínu 2 af framkvæmdaáætlun. Á sama grundvelli er því nú mótmælt að Suðurnesjalína 2 verði hluti af framkvæmdaáætlun 2019-2028. [4]

Viðbrögð: Suðurnesjalín 2 verður hluti af framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar fyrir tímabilið 2020-2022, enda er orðin brýn þörf á að bæta afhendingaröryggi og flutningsgetu milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins. Í kerfisáætlun 2018-2027 sem nú hefur verið samþykkt af Orkustofnun, er Suðurnesjalína 2 á framkvæmdaáætlun og tilgreindur aðalvalkostur. Síðan að sú kerfisáætlun var send til afgreiðslu Orkustofnunar, hefur

Landsnet unnið að mati á umhverfisáhrifum fyrir Suðurnesjalínu 2, þar sem ítarlegur samanburður er gerður á sex valkostum m.t.t. kostnaðar, umhverfisáhrifa og samræmis við stefnu stjórnvalda. Að mati Landsnet eru ekki rök fyrir því að fresta framkvæmdum við Suðurnesjalínu 2 eða taka hana af framkvæmdaáætlun 2020-2022.

Með vísan í fyrri athugasemdir við kerfisáætlun 2018-2027, tillögu að matsáætlun fyrir Suðurnesjalínu, varúðarreglu í umhverfisrétti, túlkun Landsnets á ákvæði 9. gr. Raforkulaga og þingsályktun um gærna hagkerfið, beri að leggja mat á og bera saman umhverfislegan kostnað mismunandi framkvæmdakosta vegna Suðurnesjalínu 2 í kerfisáætlun áður en ákvörðun er tekin um aðalvalkost. Með vísan í ofangreindarathugasemdir er þess vænst að í fyrirhugaðri kerfisáætlun 2019-2028 verði bætt úr þessum alvarlega ágalla með því tilhlýðilegt mat á fjölbætt náttúrugæði og þann umhverfiskostnað sem hlýst af rýrnun þeirra. [4]

Viðbrögð: Landsnet hefur svarað fyrri athugasemdum landeiganda um að ekki verði metinn umhverfiskostnaður í kerfisáætlun eða einstakra framkvæmda. Landsnet telur að ákvæði laga geri ekki kröfu um að umhverfisleg áhrif séu metin til fjár.

Fjárhagslegt mat á umhverfiskostnaði, þá einkum sjónrænum áhrifum, er í raun miklum annmörkum háð, enda þótt fræðilega sé það einfalt við fyrstu sýn. Þrátt fyrir að fjölmargar aðferðir hafi verið þróaðar til að meta náttúru til fjár er ekki sátt um hvaða aðferðir eiga best við í hvaða tilvikum og enn fremur eru þær aðferðir mjög háðar forsendum og nálgun þeirra sem gera matið. Það er mat Landsnets að mat á þessum áhrifum sé vandkvæðum háð. Landsnet hefur fengið Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að gera prófun á aðferðarfræði við að meta umhverfislegan kostnað háspennulína með hliðsjón af framkvæmdum við Hólasandslínu 3. Ekki liggja fyrir niðurstöður þess verkefnis eða sýn á hvort eða hvernig yfirfæra megi niðurstöður þess á aðrar framkvæmdir í raforkukerfinu.

Vísað er í varúðarregluna í ýmsum alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og á nokkrum sviðum íslensks umhverfisréttar er byggt á, s.s. í náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Í 8. gr. laganna er kveðið á um að stjórnvöld eigi að byggja á vísindalegri þekkingu, eins og unnt er, þegar teknar eru ákvarðanir sem varða náttúruna. Í 9. gr. eru ákvæði um að beita skuli varúðarreglunni þegar tekin er ákvörðun án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, og þannig leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Sérstaklega er áréttað í 2. m.l. 9. gr. að ef hættu er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skuli skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirka aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöll eða dregið úr þeim. Umbjóðendur mínir byggja á því að af varúðarreglunni leiði að Landsneti sé beinlínis óheimilt að víkja sér undan mati á umhverfislegum kostnaði á þeim grundvelli að slíkir útreikningar séu erfiðir eða að ekki sé hefð fyrir að slíkum útreikningum. [4]

Viðbrögð: Varúðarregla umhverfisréttar á ekki við í því samhengi sem hún er sett fram í athugasemdinni. Reglunni er ætlað að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum og felur í sér að ef hættu er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skuli skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim. Í athugasemdum frumvarps þess er varð að náttúruverndarlögum kemur m.a. fram að greinin miði að því að koma í veg fyrir að ákvörðun hafi í för með sér verulegt tjón á náttúrunni. Þá segir að mat á því hvað telst verulegt tjón velti á ýmsum þáttum, t.d. hversu mikil breyting verður á vistkerfum, hvort áhrifin eru varanleg og hvort tegundum á valista er ógnað. Ekkert af þessu á við um flutningslínur. Loks kemur fram að ef fyrir

liggur nægileg þekking eða víska um afleiðingar ákvörðunar verður varúðarreglunni ekki beitt og að vega og meta beri mikilvægi ákvörðunar í ljósi neikvæðra afleiðinga hennar. Afleiðingar ákvarðana um loftlínur og jarðstrengi á náttúruna eru vel þekktar og því getur varúðarreglan ekki átt við þegar álitæfni um kostnaðarmat er annars vegar.